

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Kristínar Einarsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum. (60. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á raforkulögum á grundvelli tillagna nefndar um endurskoðun á raforkulögum. Viðskiptaráð skilaði inn umsögn vegna 573. máls á 138. löggjafarþingi og er hún hér látin fylgja óbreytt.

Tillögur frumvarpsins fela í sér breytingar á reglum laganna um flutningskerfi og dreifiveitur. Það fyrirkomulag hefur verið á flutningskerfi fyrir rafmagn að Landsnet, fyrirtæki í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða, hefur eitt fyrirtækja rétt á rekstri slíkra flutningskerfa. Þær breytingar sem frumvarpið leggur til eru margþættar og verður tekið á þeim helstu hér þó ekki séu gerðar sérstakar athugasemdir við þær allar.

Viðskiptaráð gerir sínar helstu athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til í 3. gr. frumvarpsins, vegna 8. gr. laganna. Fyrsta breytingin sem ákvæðið mælir fyrir um er að það fyrirtæki sem hefur einkarétt á rekstri flutningskerfi samkvæmt raforkulögum, þ.e. Landsnet, skal verða í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga. Í núgildandi lögum er áskilið að umrætt fyrirtæki skuli ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Breytingar þær sem lagðar eru til eru því tvíþættar, annars vegar skal fyrirtækið vera allt í eigu ríkis eða sveitarfélaga en ekki aðeins í meirihlutaeign, og hins vegar skal það vera í beinni eigu þeirra en ekki lengur heimilt að eignarhlutur sé í höndum fyrirtækis sem er alfarið í eigu þessara aðila.

Stofna á nefnd til að fara yfir og gera tillögu um hvernig best er að haga kaupum á hlutum þeirra fyrirtækja sem fara með eignarhlut í Landsneti fyrir hönd ríkis og viðkomandi sveitarfélaga. Mikill kostnaður getur því skapast við yfirfærslu á viðkomandi eignarhlutum. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að kostnaður við slíka tilfærslu og framkvæmd verði skoðað eftir að lögin hafi tekið gildi og er nefndinni gefin rúm 2 ár til þess. Eðlilegra væri að slík skoðun færi fram áður en tilheyrandi breytingar eru gerðar á lögum svo að slík ákvörðun sé tekin á málefnalegum forsendum og á grunni fjárhagsáætlunar.

Greinargerð með frumvarpinu vísar til þess að heppilegra sé að hafa umrætt fyrirtæki í beinni eigu vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra flutningsfyrirtækis og orku- eða dreifyfirtækja í eigu ríkis. Ekki verður séð að minni líkur skapist á mögulegum hagsmunaárekstrum með því fyrirkomulagi sem frumvarpið leggur til, að einhverju leyti skipa viðkomandi sveitarfélög eða ríkið stjórnir umræddra fyrirtækja og verður því að draga í efa hversu mikið er dregið úr hagsmunaárekstri með því fyrirkomulagi.

Viðskiptaráð leggur til að kostnaður við tilfærslu eignarhluta í Landsneti verði skoðaður áður en farið verður út í breytingar á lögum.

Rök greinargerðar fyrir því að flutningsfyrirtæki verði ekki lengur aðeins í meirihlutaeign ríkis eða sveitarfélaga heldur fullri eign þeirra er ábótavant. Þrátt fyrir að eignarhaldi í dag sé með þeim hætti að allir hlutar fyrirtækisins séu í höndum fyrirtækja í eigu ríkis eða sveitarfélaga er ekki ástæða til að útiloka með öllu aðkomu annarra aðila í framtíðinni. Meirihlutaeign í fyrirtækinu er fullnægjandi til að tryggja ríki og sveitarfélögum þau yfirráð yfir fyrirtækinu sem það telur æskilegt og verður ekki séð að eðli rekstrar slíks fyrirtækis girði fyrir

aðkomu annarra aðila að því. Þetta fyrirkomulag er með þeim hætti að geta hindrað aðkomu aðila að fyrirtækinu sem búa yfir fjármagni eða sérþekkingu sem þörf gæti verið á í framtíðinni.

Viðskiptaráð leggur til ákvæðið verði látið standa óbreytt í núgildandi lögum.

Í d.lið 3. gr. frumvarpsins er flutningsfyrirtækjum bannað að stunda aðra starfsemi en sérstaklega er tilgreint ákvæðinu. Flutningsfyrirtæki verður þannig heimilt samkvæmt frumvarpinu að reka raforkumarkað, eiga eða reka fjarskiptakerfi sem því er nauðsynlegt vegna rekstursins og bjóða út umframflutningsgetu vegna þess og að selja út sérfræðiþekkingu.

Ekki verður talið eðlilegt að fyrirtæki sem er með einkarétt á rekstri flutningskerfi sé heimilt að reka raforkumarkað slíkt skapar óeðlileg og óþörf hagsmunatengsl. Það orkar því tvímælis að í sama frumvarpinu sé gerð breyting á eignarhaldi flutningsfyrirtækis til að koma í veg fyrir hagsmunatengsl og þau um leið aukin með því að heimila sama fyrirtæki að starfrækja raforkumarkað.

Lagt er til að flutningsfyrirtæki verði ekki heimilt að starfrækja raforkumarkað.

Ekki er gerð athugasemd við nýtingu á því flutningskerfi sem er til staðar hjá flutningskerfi til reksturs fjarskiptakerfis sem er nauðsynlegt til rekstursins. Hins vegar er rekstur slíks flutningskerfis ekki takmarkaður við það flutningskerfi sem viðkomandi fyrirtæki starfræki, ekki er með fullnægjandi hætti girt fyrir það að slíkt kerfi sé sérstaklega byggt upp til notkunar sem fjarskiptakerfi og verður því að takmarka heimildir í frumvarpinu frekar þannig að rekstur fjarskiptakerfis sé bundið við eigin línur. Það verður ekki heldur séð að útboð á umframflutningsgetu geri verið möguleg án röskunar á samkeppni. Þó að orðalag ákvæðisins sé frekar óskýrt um hvaða flutningsgetu er hér verið að ræða verður það túlkað svo að um flutningsgetu vegna fjarskiptakerfis sé að ræða út frá samhengi ákvæðisins. Útboð á umframflutningsgetu er í eðli sínu alltaf í samkeppni við þá aðila sem eru þegar á markaði og þar sem kerfið er byggt upp á grundvelli einokunar rafmagnsflutnings þá hefur fyrirtækið mjög ríkt forskot fram yfir önnur fyrirtæki. Binda á leyfilegt fjarskiptakerfi því við það flutningskerfi sem er til staðar og ekki að heimila útboð á umframflutningsgetu, enda ekki sú grunnstarfsemi sem fyrirtækinu er ætlað að stunda.

Lagðar eru til þær takmarkanir á starfrækslu flutningsfyrirtækis á fjarskiptakerfi að slíkt kerfi sé takmarkað við eigin línur fyrirtækis sem til staðar eru og að ekki verði heimilt að bjóða út umframflutningsgetu.

Að lokum er gerð sérstök athugasemd við 5. gr. frumvarpsins. Í núgildandi lögum geta aðila sótt um heimild til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda. Þær breytingar eru gerðar á ákvæðinu í frumvarpinu að áskilnaður er gerður um umsögn flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar. Ekki kemur fram í lögnum það vægi sem slíkum umsögnum er ætlað að hafa en óeðlilegt verður að teljast að samkeppnisaðili hafi bein áhrif á ákvörðun um leyfi til byggingar flutningskerfis, verður því að skýra frekar hvernig leyfa- og umsagnarferli er háttað í þessu tilviki.

Skýra þarf vægi umsagnar aðila hvernig leyfa- og umsagnarferli verður háttað.

Viðskiptaráð leggur til frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands